



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. ágúst 2007

Tilvísun: UST20070500196/sf

Breytingar á hafnarsvæði á Kársnesi í Kópavogsbæ. Frekari umsögn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst Umhverfisstofnun með tölvupósti þann 13. júlí sl., þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar í kjölfar svara Kópavogsbæjar við fyrri umsögn stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Landfylling

Umhverfisstofnun ítrekar það sem fram kemur í fyrri umsögn stofnunarinnar að hér sé um opna landfyllingu að ræða eins og verkinu er lýst og því háð leyfi Umhverfisstofnunar. Auk þess telur stofnunin að samkvæmt anda laga nr. 33/2004 um verndun hafs og stranda eigi skilgreiningin í 3. gr laganna "a. að koma fyrir efnum eða hlutum í hafinu í öðrum lögmætum tilgangi en að farga þeim" ekki við þegar verið er að taka efni úr námum til þess eins að koma því fyrir á hafsbotni. Einnig má benda á að samkvæmt lýsingu er landfyllingin unnin með uppúrtekt úr húsgrunnum og gatnagerð og er því efni sem aðilar vilja eða er skylt að losa sig við og er skilgreint sem úrgangur sbr. lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs: „**Úrgangur:** hvers kyns efni eða hlutir sem framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og skráður er á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr.”

Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri tilkynningarskyldar, en núverandi landfylling er ráðgerð um 4,8 ha samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila. Í ljósi þess að umrædd landfylling er því sem næst af þeirri stærð sem tilgreind er í lögum um mat á umhverfisáhrifum og er beint framhald af miklum landfyllingum sem gerðar hafa verið á síðustu árum, telur Umhverfisstofnun að æskilegast væri að fram færi mat á heildaráhrifum landfyllinga á Kársnesi.

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar um breytingar á hafnarsvæði á Kársnesi kom fram að fyrirhugaðar framkvæmdir væru innan svæðis nr. 117 á náttúruminjaskrá,

Bessastaðanes, Gálgahraun og fjörur frá Bala að Kársnesi. Framangreint er ekki rétt og leiðréttist það hér með. Mörk svæðisins á Kársnesi miðast við höfnina. Hafnarsvæðið liggur því að svæði sem er á náttúruminjaskrá en er ekki innan þess. Þetta breytir þó ekki niðurstöðu Umhverfisstofnunar um framkvæmdir á hafnarsvæðinu, sbr. fyrri umsögn stofnunarinnar.

Dýpkunarefni

Dýpkun hafnar felur það í sér að fjarlægja þarf efni af botni. Afleiðing af því er að koma þarf dýpkunarefninu fyrir, þ.e. farga því og er það því tilgangurinn með að nota það í landfyllinguna. Ef ekki er þörf á að losna við dýpkunarefni er væntanlega ekki heldur þörf fyrir dýpkunina. Dýpkunarefni er því eitthvað sem framkvæmdaraðili þarf að losa sig og því má benda á skilgreininguna um úrgang hér að framan. Umhverfisstofnun ítrekar það sem fram kemur í fyrri umsögn hvað varðar upplýsingar og leyfisveitingar vegna varps í hafið.

Hljóðstig

Í svörum framkvæmdaraðila segir m.a.: „*Það hvort efnisflutningar verði 4 að jafnaði (eins og sagt er í skýrslunni) eða hvort toppurinn fari í 20 á dag hefur lítið sem ekkert að segja þegar hljóðstig er reiknað út.*”

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að forsendur útreikninga um hljóðvist og upplýsingar um þungaumferð í tilkynningu um framkvæmdir, þ.m.t. fjölda ferða, séu réttar og gefi raunsanna mynd af þeirri þungaumferð sem tiltekin framkvæmd leiðir af sér. Ekki eigi að miða við meðalfjölda ferða yfir tiltekin tímabil heldur tilgreina hámarks fjölda ferða á dag. Í því sambandi má benda á að stærð bíla (fjöldi öxla) og fjöldi (hlutfall af umferð) eru meðal þeirra þátta sem notaðir eru þegar hljóðstig er metið. Endanlegar niðurstöður útreikninga fyrir hljóðvist geta síðan hugsanlega sýnt fram á að hávaði verði undir viðmiðunarmörkum þrátt fyrir aukna þungaumferð. Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á að það skiptir væntanlega íbúa viðkomandi svæðis máli hvort fjöldi ferða á dag verður 4 eða 20.

Í svörum framkvæmdaraðila segir m.a. að stækkun hafnarkants sem slík hafi ekki í för með sér umtalsverða aukningu umferðar og þar af leiðandi hljóðvistar. Þar segir einnig: „*Hins vegar er samfara matsskylduferli vegna stækkunar hafnarkants unnið að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi hafnarsvæðis. Þar að auki eru uppi áform um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á vestanverðu Kársnesi og hafa þær hugmyndir fengið almenna kynningu. Að auki verður á næstu árum unnið að uppbyggingu bryggjuhverfis á Kársnesi. Allar þessar áætlanir hafa í för með sér umferðaraukningu og aukningu á hljóðvist á helstu umferðaræðum í nágrenninu. Kópavogsbær hefur uppi áform um mælingar á loftmengun og hljóðvist á völdum stöðum við helstu umferðaræðar í tengslum við þessi uppbyggingaráform. Við endurskoðun aðalskipulags verður svo sett upp vöktunaráætlun sem mun vakta þessa umhverfisþætti og um leið geta þess hvernig beri að bregðast við verði áhrif óæskileg. Á þessum þáttum er tekið á skipulagsstigi og því vísað í þá umfjöllun.*”

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í kynningarskýrslu um hafnarframkvæmdir á Kársnesi kemur fram að hljóðstigsútreikningar sýna að hljóðstig er nú þegar yfir viðmiðunargildi í nokkrum húsum meðfram helstu umferðaræðum á Kársnesi og að þeim húsum muni fjölga með aukinni umferð samfara uppbyggingu á hafnarsvæði. Einnig kemur fram að vegna aukins hljóðstigs samfara uppbyggingu á hafnarsvæði sem og fyrirhuguðu bryggjuhverfi þurfi að beita mismunandi lausnum til að draga úr

áhrifum á nærliggjandi hús. Umfjöllun um hljóðstig hlýtur að miðast við þær upplýsingar sem fram kom í tilkynningu framkvæmdaraðila. Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á að fyrirsjáanlegt er að vöktun ein og sér er ekki fullnægjandi þar sem hávaði er þegar yfir viðmiðunarmörkum í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða. Ljóst er að grípa verður til mótvægisáðgerða vegna aukinnar umferðar í kjölfar uppbyggingar á hafnarsvæði á Káranesi. Umhverfisstofnun ítrekar ábendingar þess efnis að mikilvægt er að haft verði samráð við íbúa vegna hljóðvarna. og að almenningur, íbúar og eigendur viðkomandi húsa fái tækifæri til að kynna sér áhrif framkvæmdarinnar og koma að athugasemdum við hana, sbr. fyrri umsögn stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun telur að meta verði sammögnunaráhrif fyrirhugaðs viðlegukants og annarra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á Kársnesi, sbr. auglýstar skipulagstillögur. Í því sambandi má benda á að samkvæmt 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber m.a. að skoða áhrif framkvæmdar með tilliti til sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði.

Áhættumat

Í svörum framkvæmdaraðila er ítrekað að tilgangur nýs viðlegukants er að auka rými þannig að þegar stórt skip kemur til hafnar (á 10 daga fresti) þurfi minni skip ekki að vika úr höfninni heldur geti notað núverandi viðlegukant

Í kynningarskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að nýr viðlegukantur er ætlaður fyrir stór gámaskip allt að 140 m og 4.000 t að stærð. Með stækkun hafnarinnar verður hún því opin stærri skipum og væntanlega mun skipaumferð aukast. Umhverfisstofnun telur því að full ástæða sé til að gert verði áhættumat vegna uppbyggingar hafnarinnar og skipasiglinga, enda um að ræða þrönga siglingaleið og siglingar um svæði sem er á náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Náttúrufar

Umhverfisstofnun vekur athygli á að jafnvel þótt gert sé ráð fyrir að lífríki nái aftur fótfestu við ströndina eftir að gerð landfyllinga lýkur réttlætir það ekki frekari landfyllingar. Einnig verður að hafa í huga að við stækkun hafnarinnar fer ákveðin botngerð undir landfyllingar og aðstæður fyrir og eftir framkvæmdirnar verða vart sambærilegar.

Umhverfisstofnun ítrekar ábendingar þess efnis að gera þurfi grein fyrir sammögnunaráhrifum fyrirhugaðra framkvæmda og þeirra framkvæmda sem þegar hafa verið leyfðar innan þess svæðis sem er á náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Sjávarstraumar

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafi verið unnir sérstakir útreikningar vegna mögulegra áhrifa uppfyllinga á sjávarstrauma í Fossvogi, heldur verið leitað álits hjá Verkfræðistofunni Vatnaskil, sem unnið hafi útreikninga í Skerjafirði og víðar. Samkvæmt þeirra áliti, byggt á reynslu, er ekki talið að fyrirhuguð uppfylling lands muni hafa frekari áhrif á sjávarstrauma enda er uppfylling lands á svæðinu mjög langt komin.


Umhverfisstofnun telur eðlilegt að framkvæmdaraðili leggi fram gögn sem sýni fram á að framangreint mat sé rétt.

Matsskylda


Framkvæmdaraðili telur rétt að ítreka að með fyrirhuguðum viðlegukanti er verið að fara í breytingar á starfsemi sem þegar er til staðar í Kópavogshöfn. Einnig bendir framkvæmdaraðili á að þær landfyllingar sem fylgja hafnargerðinni eru framhald á þeim landfyllingum sem hafa verið í gangi nokkuð langan tíma í Kópavogshöfn. Þangað hafi verið keyrt með óvirk efni sem til hafa fallið við jarðvegsframkvæmdir í bænum.

Umhverfisstofnun ítrekar athugasemdir þess efnis að meta eigi sammögnunaráhrif fyrirhugaðs viðlegukants með þeim framkvæmdum sem þegar hafa verið leyfðar og öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum á Kársnesi.

Virðingarfyllst



Sigrós Friðriksdóttir
fagstjóri



Helgi Jónsson
forstöðumaður